

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir endurofnun kr. 150.00 sé um ítrekun að ræða.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 100.00 á skrifstofu Rafveitunnar.

V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau, sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkv. samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, má hækka rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.

VI. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur skv. lögum nr. 10/1960, ásamt síðari viðaukum og breytingum, sbr. lög nr. 3 11. febrúar 1970, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, er um ræðir í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Vestmannaeyja nr. 54 13. febrúar 1968 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 6. marz 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Akureyrar nr. 122 14. apríl 1966.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Vatnsskattur samkvæmt 1. gr. skal vera 4% af fasteignamati húss.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður vatnsveitustjórn skattinn, að fengnum tillögum vatnsveitustjóra.

3. gr.

5. gr. orðist svo:

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli með kr. 3.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

4. gr.

6. gr. orðist svo:

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla, og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

20 til 32 mm mælir	kr.	300.00
40 mm mælir	—	400.00
50 mm mælir	—	800.00
80 mm mælir	—	1 000.00
100 mm mælir	—	2 000.00

5. gr.

7. gr. orðist svo:

Greiðsla fyrir vatn, sem selt er til skipa og báta í Akureyrarhöfn, skal vera kr. 25.00 fyrir hvern teningsmetra, þó aldrei minna en kr. 300.00. Þurfi að afgreiða vatn til skipa og báta utan venjulegs vinnutíma, greiðir kaupandi vatnssölumanni eftirvinnu- eða helgidagakaup.

6. gr.

9. gr. orðist svo:

a) Gjald vegna lagna heimæða frá götuæð vatnsveitunnar í stofnkrana húss, sbr. 5. gr. reglugerðar vatnsveitunnar nr. 55 frá 30. apríl 1959, skal vera kr. 10.00 fyrir hvern teningsmetra húss.

b) Tengigjald fyrir vörugymslur og verkstæði, þar sem ekki er gert ráð fyrir iðnaði.

Vatnsnotkun miðist við eðlilega þörf starfsmanna. Heimæðavidd 25—40 mm.

Fyrir fyrstu 2000 rúmmetra húss greiðist kr. 10.00 á rúmmetra.

Fyrir næstu 2000 rúmmetra húss greiðist kr. 5.00 á rúmmetra.

Fyrir rúmmetra umfram 4000 greiðist kr. 2.00 á rúmmetra.

c) Tengigjald fyrir iðnaðarbyggingar.

Heimæðavidd 5—100 mm.

Fyrir fyrstu 3000 rúmmetra húss greiðist kr. 10.00 á rúmmetra.

Fyrir næstu 3000 rúmmetra húss greiðist kr. 5.00 á rúmmetra.

Fyrir rúmmetra umfram 6000 greiðist kr. 3.00 á rúmmetra.

d) Tengigjald fyrir bifreiðabvottastöðvar, benzinafgreiðslur og byggingar af tilsvarendi stærð greiðist samkvæmt kostnaði við lögn heimæðar með 40% álagi.

e) Þurfi vatnsveitan að leggja kostnaðarsamar vatnsæðar, til að tengja við heimæðar, vegna bygginga, sem eru utan skipulagsuppráttar eða langt frá vatnsæðum, getur vatnsveitan þegar þannig stendur á, látið viðkomandi aðila taka þátt í kostnaði við þær framkvæmdir.

Vatnsveitustjóri mun meta slíkar aðstæður og kostnað hverju sinni og leita síðan álits og samþykktar vatnsveitustjórnar.

f) Stofngjald skal greiða af bifreiðageymslum, viðbyggingum og stækkunum. Innheimta skal stofngjöld með byggingarleyfisgjöldum, áður en leyfið er veitt.

7. gr.

13. gr. orðist svo:

Vatnsveitunni er ekki skylt að leggja heimæð eða tengja hana, fyrr en húseigandi hefur greitt heimæða- og tengigjald.

8. gr.

14. gr. orðist svo:

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir rekstrarútgjöldum getur bæjarstjórn að fengnum tillögum vatnsveitustjórnar, fyrir eitt ár í senn, hækkað vatnsskatt, auka-vatnsskatt, mælaleigu, tengigjöld og vatn til skipa um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 9. marz 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

13. marz 1970.

Nr. 85.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 8.60 á hverja kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 3.60 á hverja kwst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

 - a. Fyrir verzlánir, vinnustofur og skrifstofur kr. 2.90 á ferm. á mánuði.
 - b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. l. kr. 1.45 á ferm. á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli kr. 2.10 á hverja kwst. auk fastagjalds er nemi kr. 17.00 á mánuði af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. telst sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um einn kwst.mæli þannig: Á kr. 5.95 hverja kwst. ársnotkun.
32. Til matvælaíðnaðar, ef uppsett vélaafll fasttengdra véla er yfir 1.0 kwst.:
 - a. Kr. 1.70 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.